

Hulda Kristjánsdóttir

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: föstudagur, 22. júlí 2022 11:25
To: 'afgreidsla@hornafjordur.is'; 'Sveitarstjóri'; 'einar@vik.is'; Anton Kári Halldórsson; valtyr@asahreppur.is; 'sveitarstjóri@ry.is'; Hulda Kristjánsdóttir; 'fjolask@arborg.is'; Elliði Vignisson; 'aldis@fludir.is'; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; 'haraldur@skeidoggnup.is'; Ásta Stefánsdóttir; Móttaka Hveragerði
Subject: FW: Til landshlutasamtaka sveitarfélaga - mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni
Attachments: Inngangur og sameiginleg bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja um mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni.docx



Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Til uppl. og fyrirgreiðslu í sveitarstjórnnum er bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja, sbr. viðhengi, tengt vanda við mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni.

Bestu sumarkveðjur,

Bjarni

From: Angantýr Einarsson
Sent: mánudagur, 11. júlí 2022 17:48
To: sass@sudurland.is; ssv@ssv.is; ssne@ssne.is; ssnv@ssnv.is; sss@sss.is; austurbru@austurbru.is; fv@vestfiridir.is
Cc: Íris Róbertsdóttir ; Páll Magnússon
Subject: Til landshlutasamtaka sveitarfélaga - mönnun heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni

Sæl verið þið.

Á fundi sínum þann 5. júlí sl., ræddi bæjarstjórn Vestmannaeyja alvarlega stöðu á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni, þar sem erfiðlega gengur að manna stöður heilbrigðisstarfsfólks. Vandinn er mismikill um landið, en ljóst að hann víða alvarlegur. Bæjarstjórn Vestmannaeyja lagði fram sameiginlega bókun þar sem áhyggjum er komið á framfæri. Bæjarstjórn óskar eftir því við landshlutasamtök sveitarfélaga að þau sendi bókun bæjarstjórnar Vestmannaeyja á hlutaðeigandi sveitarfélög og skori á sveitarfélögin að taka undir umrædda bókun, eða bóka með sambærilegum hætti. Í krafti fjöldans vekja umræddar áhyggjur eflaust frekar athygli stjórnvalda en ella.

Angantýr

Angantýr Einarsson
Framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Skrifstofusími: 488-2000, Farsími: 899-4270
Netfang: angantyr@vestmannaeyjar.is, www.vestmannaeyjar.is

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja þann 5. júlí sl., var til umræðu alvarleg staða vegna mönnunar heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni.

Á fundinum fór Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri, yfir stöðu mönnunar í grunnheilbrigðisþjónustu á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vestmannaeyjum, þar sem janframt kom fram að staðan sé alvarleg á landsbyggðinni, þar sem illa hefur gengið að manna stöður heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslum. Sama staða hefur verið og blasir við á heilsugæslu HSU í Vestmannaeyjum. Bæjarstjóri sagði mikilvægt að halda uppi nauðsynlegri grunnheilbrigðisþjónustu í Vestmannaeyjum, líkt og annars staðar, og til þess þarf að manna stöðu lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks allan sólarhringinn.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja lagði svo fram sameiginlega bókun

Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að jafnt aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu á að vera grundvallaratriði í samfélagsuppbyggingunni. Sú er hins vegar ekki raunin fyrir fólk á landsbyggðinni í dag. Heilsugæslan á landsbyggðinni er undirmönnuð og aðgengi íbúa að grunnheilbrigðisþjónustu er skert. Það þarf að búa þannig um hnútana að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni geti mannað stöður heilbrigðisstarfsfólks þannig að þær geti veitt þá grunnheilbrigðisþjónustu sem þeim er ætlað. Þá liggur fyrir að flestar flóknar aðgerðir eru í dag einungis framkvæmanlegar á Landspítalanum. Það þarf að auka öryggi sjúklinga á landsbyggðinni með því að styrkja og breyta fyrirkomulagi sjúkraflugs m.a. með tilkomu sérhæfðrar sjúkraþyrlu og ákveða þarf staðsetningu flugvallar í Vatnsmýrinni til framtíðar. Þannig tryggjum við að allir landsmenn geti notið þjónustu Landspítalans með fullnægjandi hætti.